

Vinnslustöðin – 26-06-07

Stjórnvaldssekt vegna brots á 63. og 64. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 26. júní 2007 sektaði stjórn Fjármálaeftirlitsins Vinnslustöðina hf. vegna brots á 63. og 64. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Stjórn Fjármálaeftirlitsins komst að þeirri niðurstöðu að Vinnslustöðin hf. hafði brotið gegn 63. gr. og 64. gr. vvl. Þegar félagið tilkynnti ekki innan tilskilinna tímamarka, til Fjármálaeftirlitsins og Kauphallar Íslands hf., um víðskipti aðila fjárhagslega tengdum fruminnherja með hlutabréf í félaginu. Samkvæmt 63. gr. vvl. ber útgefanda að tilkynna samdægurs um víðskipti fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda honum til Fjármálaeftirlitsins. Ennfremur ber útgefanda þegar í stað að senda upplýsingar um víðskiptin til Kauphallar Íslands hf., sbr. 64. gr. vvl.

Var það mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að ekki væri ástæða til að vísa málinu til refsimeðferðar hjá ríkislögreglustjóra, skv. 78. gr. vvl., heldur væri það þess eðlis að rétt væri að ljúka því með stjórnvaldssekt í samræmi við heimildir Fjármálaeftirlitsins í 74. gr. vvl. Með hliðsjón af atvikum málsins og fyrri áminningar þótti hæfileg sekt vera kr. 150.000.